

8. gr.

213

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður ef endurskoðanda sveitarreikninga Aðaldælahrepps og sendur ásamt þeim til sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu til yfirskoðunar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema stjórn sjóðsins leggi það til og $\frac{2}{3}$ af kjósendum í Aðaldælahreppi samþykki breytinguna á fundi. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn, né heldur breyta því aðal-markmiði sjóðsins að efla menningu íbúa Aðaldælahrepps.

10. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

214

9/8 '38

um styrk til að endurreisa íbúðarhús í sveitum.

Samkvæmt III. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, eru sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram 125 þúsund krónur til að styrkja endurbyggingar eða endurbætur íbúðarhúsa á jörðum í sveit. Styrkurinn sé veittur sem óafturkræft framlag.

2. gr.

Styrk þenna má veita eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er hér segir:

1. Að umsækjandi sé islenskur ríkisborgari og fullveðja.
2. Að hann sanni með síðustu skattskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni.
3. Að hann sanni með vottorði hreppstjóra, að jörðin liggja ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar.
4. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra utan og innan samþykkt af nýbýlastjórn.
5. Að sveitarstjórn telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sé að endurreisa bæjarhús á henni.
6. Að lögð sé fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingamönnum Brunabótafélags Íslands.
7. Að fyrir liggja frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands, eða trúnaðarmanni nýbýlastjórnar, ef ekki næst til trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, yfirlýsing um, að húsið verði, ef um endurbyggingu er að ræða, reist á hentugum stað, miðað við ræktun, vatnshól, síma, vegi o. s. frv.
8. Að sannað sé með vottorði hreppstjóra og héraðslæknis, að húsakynninn séu óhæf til íbúðar.
9. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
10. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 1800 krónur, ef jörðin er í sjálfsábúð.
11. Að landverð jarðar í opinberri eign fari ekki yfir 8000 kr.
12. Framlag til hvers einstaks býlis má vera 500—1500 krónur, þó aldrei meira en $\frac{1}{3}$ af kostnaðarverði hússins. Til íbúðarhússbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrksupphæðin samtals ekki fara yfir 6000 krónur til hvers býlis.

214
9/8 '38

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

3. gr.

Nýbýlastjórn ákveður, hvaða jarðir skuli verða aðnjótandi þess framlags til bygginga, er um ræðir í reglugerð þessari, og ákveður upphæðina til hvers býlis. Þó skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, er orðið hafa fyrir verulegu tjóni á húseignum sínum, vegna óviðráðanlegra orsaka, s. s. jarðskjálfta, bruna, stórviðra o. s. frv. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar, og sett þau skilyrði um byggingar, sem hún telur þurfa til að tryggja það, að þær komi að sem fyllstum notum.

4. gr.

Styrkbeiðni til nýbýlastjórnar skulu fylgja þessi gögn:

1. Eyðublað frá nýbýlastjórn, vel og samvitzkusamlega útfyllt, um ýmsar upplýsingar varðandi umsækjanda og jörð hans með árituðu vottorði hlutaðeigandi eftirlitsmanns nýbýlastjórnar.
2. Afrit af síðasta skattframtali umsækjanda, staðfest af formanni skattanefndar, sbr. 2. lið 2. gr.
3. Vottorð hreppstjóra, sbr. 3. lið 2. gr.
4. Umsögn hreppsnefndar samkvæmt 5. lið 2. gr.
5. Lýsing virðingarmanna Brunabótafélags Íslands af bæjarhúsum, sbr. 6. lið 2. gr.
6. Yfirlýsing trúnaðarmanns Búnaðarfélag Íslands eða nýbýlastjórnar, sbr. 7. lið 2. gr.
7. Vottorð hreppstjóra og héraðslæknis, sbr. 8. lið 2. gr. Í vottorði hreppstjóra sé tekið fram, hvort bæjarhús hafi verið endurreist eða endurbætt að verulegu leyti frá því er síðasta fasteignamat fór fram, og um umráðarétt umsækjanda yfir jörðinni.
8. Veðbókarvottorð um jörð og hús á henni.

Styrkbeiðni og nauðsynleg gögn skulu vera komin til nýbýlastjórnar eigi síðar en 1. desember ári áður en endurbygging á að fara fram.

5. gr.

Íbúðarhús, sem styrkur er veittur til, skulu byggð eftir uppdráttum fyrirframgerðum eða samþykktum af teiknistofu landbúnaðarins (hér eftir í reglugerð þessari nefnd teiknistofan) og nýbýlastjórn. Húsin skulu byggð úr viðurkenndu byggingar efni (torfi og grjóti, timbri, steinsteypu, járni eða öðru) og skal um vöndun þeirra farið eftir fyrir mælum teiknistofunnar.

6. gr.

Nú telur styrkbeiðandi sér ekki fært, vegna efnaskorts eða af öðrum ástæðum, að ráðast í að endurbyggja nema ákveðinn hluta íbúðarhúss síns, og getur hann þó hlotið styrk til þess, enda sé slík bygging skynsamleg, að álitu teiknistofunnar og nýbýlastjórnar, til þess að við hana verði byggt síðar.

7. gr.

Styrkur verður aðeins veittur til endurbyggingar eða endurbóta á íbúðarhúsum, er jafngilda endurbyggingu. Styrkur til viðhalds eða venjulegra endurbóta verður ekki veittur.

8. gr.

Til þess að ákveða, hversu hátt ríkisframlag styrkbeiðendur geta hlotið, sbr. 2. gr., ákveður nýbýlastjórn kostnaðarverð þeirra íbúðarhúsa, sem styrks njóta eftir þessum gögnum:

1. Kostnaðaráætlunum og uppdráttum teiknistofunnar. 214
2. Skýrslum styrkbeiðanda um stofnkostnað húsanna. Skýrslur þessar skulu gerðar á sérstök eyðublöð, er nýbýlastjórn gefur út, og skulu fylgja þeim frumreikningar yfir allt aðkeypt efni og vinnuskrár. ^{9/8 '38}
3. Álitsgerð teiknistofunnar um varanleik og frágang húsanna, þegar búið er að fullgera þau.

9. gr.

Verðmæti það, er fyrir framlag þetta stendur í byggingunni, skal á hverjum tíma meta sér í fasteignamati. Skal það vera óafturkræft, vaxtalaust fylgifié jarðarinnar, sem undanþegið er eignaskatti, og má hvorki selja það né veðsetja.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. ágúst 1938.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

215

^{22/8 '38}

Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni hefir sýslunefnd á hendi, en einstakar hreppsnefndir og bæjarstjórnir umsjón og framkvæmd.

2. gr.

Enginn má ónáða fénað á fjalli eða í heimahögum án leyfis hlutaðeigandi landráðanda eða hreppsnefndar.

Auk venjulegra eyrnamarka, skal hverjum fjáreiganda skylt að hafa allt hyrnt fé sitt greinilega brennimerkt hrepps Brennimerki á vinstra horni.

3. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn boðar með fjallskilaseðli, þrem vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, hvernig haga skuli göngu, og hverjir skuli sækja fé til rétta innan sýslugirðingar.

4. gr.

Skylt er öllum grashýlismönnum og fjáreigendum að smala sjálfir heimalönd sín og koma fénaði þaðan til allra lögrétta.

Fjallskyldur er hver sá, sem fénað á eða hefir til umráða, hvort sem jörð hefir til afnota eða eigi. Hann er og skyldur að sækja fé til rétta innan sýslugirðingar eftir fyrirlagi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Til réttaferða skulu jafnan valdir markglöggir og áreiðanlegir menn. Smölunum og réttaferðum skal jafna niður eftir fjáræign. Sendimenn þeir, er hirða fé í réttum, skulu afhenda það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða þeim öðrum, er hún ákveður. Sé fénaður geymdur í réttum eða girðingum næturlangt, skal yfir honum vaka. Heimilt er hreppsnefnd eða bæjarstjórn að jafna niður fjallskilakostnaði í peningum, ef hún telur það hagkvæmara.